

Verð þessi eru c.i.f. Verðbil verði 2.5% er miðist bæði við verðhækkun og verðlækkun. Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádragnum verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. febrúar 1973.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

5. marz 1973.

Nr. 74.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1973.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest grundvallarverð á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1973:

Vélskelflett rækja:	Cif.
1. 10×4×1 lb. blokkfryst	£ 0.63 pr. lb.
2. 24×1 lb. blokkfryst	£ 0.64 — —
3. 2×5 kg sérfryst	£ 0.64 — —
4. 4×2 kg og 5×2 kg sérfryst	£ 0.64 — —
5. 24×450 gr sérfryst	£ 0.64 — —
6. 1×25 lbs. sérfryst	£ 0.64 — —

Handskelflett rækja:

Í saltlegi £ 0.67 pr. lb.

Verðbil verði 3½%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádragnum verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. marz 1973.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.